

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 455/1991.

Baldur Jónsson

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Nesjahreppi

(Gestur Jónsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s.á. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.034.094 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi tók að sér sumarið 1989 að annast fyrir stefnda alla múrhúðun einbýlishússins nr. 4 við Hraunhól í Nesjahreppi, sem þá var í fokheldu ástandi og ákveðið hafði verið að breyta í kaupleiguíbúðir. Ágreiningur er um, hvort samið var í upphafi um verkið í heild, en múrverki utan húss var að langmestu lokið, áður en múrverk innan húss hófst. Uppgjör á greiðslum vegna múrverks utan húss fór fram án ágreinings, og er sá verkþáttur ekki til álita í málinu. Ágreiningslaust er, að fyrir múrverk innan húss skyldi greitt samkvæmt uppmælingu. Var hún framkvæmd af Vigni Hjaltasyni múrrameistara, þegar verkið var um það bil hálfnað. Áfrýjandi, sem er múrrameistari, vann sjálfur að verkinu ásamt Kristni Jóhannssyni múrrameistara og tveim ófaglærðum mönnum. Fyrir Hæstarétti deila aðilar ekki um réttmæti uppmælingarinnar út af fyrir sig, heldur eingöngu um 22,86% yfirvinnuálag, sem í henni

felst. Hins vegar deila þeir um ýmsa kostnaðarliði, sem tengjast verkinu og áfrýjandi telur, að stefnda beri að greiða. Jafnframt greinir þá á um réttmæti allra þátta í gagnkröfu þeirri, sem stefndi hafði uppi í héraði.

II.

Áfrýjandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

A. 1. Múrverk innan húss skv. uppmælingu	kr. 1.942.421
2. Aukaverk, efnisútvegur, flutningur á efni, hreinsun o.fl. 6% af 1.942.421	“ 116.545
3. Umsjónarkostnaður 4% af 1.942.421	“ 77.696
4. Leiga fyrir hræivél og hitablásara	“ 64.200
5. Aukavinna vegna múrhúðunar lofts	“ 18.000
	kr. 2.218.862
Áður greitt af stefnda samtals	“ 1.524.510
	kr. 694.352
24,5% virðisaukaskattur af 694.352	“ 170.116
	kr. 864.468
Áður greitt kr. 30.000 + kr. 23.064.....	“ 53.064
	kr. 811.404
B. 1. Flugfar vegna þriggja manna, 10 ferðir	“ 113.240
2. Fjórar ferðir í bifreið vegna sömu	“ 90.428
3. Laun á ferðum 60 st. kr. 900 pr. st.	“ 54.000
4. 24,5% virðisaukaskattur af kr. 54.000	“ 13.230
	kr. 1.082.302
Kostnaður við ólokið verk utan húss	“ 48.208
Samtals	kr. 1.034.094

Stefndi viðurkennir A. 1. að frádregnum 361.417 krónum vegna yfirvinnu, svo og A. 4. og 5., en mótmælir öðrum kröfuleiðum að öllu leyti.

Um A. 1. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að samið hafi verið um, að áfrýjandi fengi greitt fyrir yfirvinnu. Krafa áfrýjanda um þá greiðslu fær ekki heldur stoð í þeirri fullyrðingu hans, að áskilið hafi verið eða sérstök áhersla á það lögð af hálfu stefnda, að verk-

inu yrði hraðað. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um þennan kröfulið.

Um A. 2. Á greiðslufirliti kemur fram, að áfrýjandi fékk greiddar samtals 179.250 krónur utan uppmælingar fyrir aukavinnu í tengslum við múrverk innan húss. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að honum beri greiðslur samkvæmt þessum kröfulið umfram það. Verður hann því að engu leyti tekinn til greina.

Um A. 3. Áfrýjandi hefur ekki fært fullnægjandi rök að réttmæti þessa kröfuliðar og ber að hafna honum.

Um A. 4. og 5. Þessir kröfuliðir eru viðurkenndir.

Um B. 1., 2. og 3. Gegn mótmælum stefnda og með hliðsjón af rökum héraðsdómara er staðfest niðurstaða hans um, að hafna beri þessum kröfuliðum.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt var undanþegin söluskatti sú vinna við húsbyggingar, sem unnin var á byggingarstað.

Slík vinna er aftur á móti skattskyld samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laganna skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt, sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Fer endurgreiðslan fram samkvæmt fram lögðum reikningum. Samkvæmt 50. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, kom skattheimta samkvæmt lögnum ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990, en frá þeim tíma féllu úr gildi lög nr. 10/1960 með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skyldu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 31. desember 1989. Eigi verður með vissu ráðið af gögnum málsins, hvenær áfrýjandi skilaði af sér múrverki innan húss, en hann virðist hafa afhent heildarreikning fyrir verkið 30. janúar 1990 og hafði þá fengið að mestu greiddan þann hluta kröfu sinnar, sem ekki var ágreiningur um, og voru þær greiðslur inntar af hendi fyrir árslok 1989. Með hliðsjón af þessu og því, hvernig háttað er reikningsgerð áfrýjanda í málinu með tilliti til virðisaukaskatts, skortir fullnægjandi laga-grundvöll fyrir kröfu hans um greiðslu virðisaukaskatts úr hendi stefnda.

Stefndi hafði uppi gagnkröfu í héraði, sem hann sundurliðaði þannig:

1. Fæðis- og gistikostnaður áfrýjanda og starfs-		
manna hans	kr.	68.203
2. Símakostnaður	kr.	35.778
3. Bætur vegna galla á sandspörtlun	kr.	23.873
	Samtals kr.	127.854

Áfrýjandi mótmælir öllum þessum kröfuliðum.

Um 1. Ragnar Jónsson, oddviti Nesjahrepps, greinir frá því í aðilaskýrslu fyrir dómi, að samkomulag hafi orðið milli málsaðila, er áfrýjandi tók að sér umrætt múrverk, að stefndi greiddi helming fæðis- og gistikostnaðar, meðan áfrýjandi gisti á Hótel Eddu í Nesjaskóla, en eftir þann tíma helming fæðiskostnaðar og allan gistikostnað.

Áfrýjandi, sem á lögheimili í Reykjavík, synjar fyrir, að samkomulag hafi orðið um þetta, og vísar í kjarasamning Múrarasambands Íslands, en í 1. gr. hans segir, að meðlimum sambandsins skuli séð fyrir ókeypis fæði og húsnæði, er þeir vinna utan félagssvæðisins.

Stefndi innti umræddan kostnað af hendi og hefur ekki tekist sönnun þess, að um það hafi verið samið, að áfrýjandi skyldi endurgreiða hann. Brestur því skilyrði til þess, að krafa stefnda samkvæmt þessum lið nái fram að ganga.

Um 2. Ragnar Jónsson segir í aðilaskýrslu, að síma hafi verið komið fyrir að Hraunhóli 4 samkvæmt beiðni áfrýjanda. Hafi síminn verið ólæstur, þannig að hver sem var gat nýtt sér hann. Er áfrýjandi undir þessum lið krafinn um endurgreiðslu fyrir svokölluð umframskref af símanum. Fram kemur í málinu, að iðnaðarmenn, sem ekki voru á vegum áfrýjanda, voru að störfum í húsinu samtímis honum og starfsmönnum hans. Fullyrðir áfrýjandi í aðilaskýrslu, „að allir iðnaðarmenn í húsinu“ hafi notað símann. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að stefndi hafi fært fullgild rök að þessum kröfulið, og verður hann ekki tekinn til greina.

Um 3. Þessi kröfuliður byggist á því, að gallar hafi verið á svokall-
aðri sandspörtlun. Kveðst Ragnar Jónsson hafa kvartað yfir þessu
við verklok. Árni Kjartansson arkitekt, sem gerði uppdrætti að
breytingum á húsinu, greinir frá því í skýrslu fyrir dómi, að hann
hafi fylgst með framkvæmdum við húsið. Hann kveðst hafa verið
óánægður með sandspörtlun á lofti í lítilli kjallaraíbúð í húsinu og
gert athugasemdir af því tilefni. Þá hafi málarar, er unnu í húsinu,
kvartað við sig um, að sandspörtlun væri áfátt, og hafi þeir þurft að
bæta úr því. Bjarni Ásbjörnsson, er var skrifstofustjóri hjá stefnda á
umræddum tíma og átti skipti við áfrýjanda vegna múrverks í hús-
inu, kveðst í skýrslu fyrir dómi ekki kannast við kvörtun um lélega
sandspörtlun.

Af hálfu stefnda fór ekki fram fagleg úttekt á þessum þætti múr-
verksins, og málarar, sem vitnað er til hér að framan, voru ekki
kvaddir fyrir dóm til að tjá sig um þetta ágreiningsefni. Eru því ekki
næg skilyrði til þess, gegn mótmælum áfrýjanda, að kröfuliður þessi
verði tekinn til greina.

IV.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður stefndi
dæmdur til að greiða áfrýjanda 37.422 krónur ($1.581.004 + 64.200 +$
 18.000 að frádregnum $1.524.510 + 30.000 + 23.064 + 48.208$) með
dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 100.000
krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Nesjahreppur, greiði áfrýjanda, Baldri Jónssyni,
37.422 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxta-
laga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1990 til greiðsludags. Vextina má
leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. apríl 1991.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 100.000 krónur í máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Austur-Skaftafellssýslu 23. maí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, þingfestri þann 12. desember 1990, af Baldri Jónssyni múrarameistara, kt. 040539-3609, Seiðakvísl 12, Reykjavík, gegn Ragnari Jónssyni, kt. 050746-2599, Akurnesi 2, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, oddvita Nesjahrepps, kt. 480269-4389, f.h. sveitarfélagsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.144.552,00. Stefnufjárhæðin var lækkuð af hálfu stefnanda í kr. 1.096.344, ásamt hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1.4.1990 til greiðsludags. [...] Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi þess að málskostnaður verði dæmdur skv. gjaldskrá LMFÍ og virðisaukaskattur á hann.

Með gagnstefnu, sem þingfest var þann 6. febrúar 1991, eru gerðar þær dómkröfur að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 230.987 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta [...]. Enn fremur er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...]. Þá er þess krafist, að dómkröfur í gagnsök, eftir því sem við á, verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf og sjálfstæður dómur kveðinn upp um afganginn, en til vara að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur í gagnsök. Þá er þess krafist að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Sættir voru reyndar í máli þessu án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að aðalstefnandi og aðalstefndi sömdu um, að aðalstefnandi tæki að sér inni- og útimúrverk í húsinu nr. 4 við Hraunhól í Nesjahreppi, en breyta átti einbýlishúsinu í 3 kaupleiguíbúðir. Ágreiningur er um það milli aðila hvort samið hafi verið um múrun innan og utan húss strax við upphaf verksins og um það, hvort samið hafi verið um múrun eftir tilboði eða uppmælingu.

Aðalstefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

Samkvæmt reikningi nr. 10:

Múrverk skv. mælingu	kr.	1.942.421
Aukaverk, efnisútvegum og flutningur, hreinsun o.fl.		
6% af 1.942.421	kr.	166.545
Leiga á hrærivél og hitablásara	kr.	64.200

Umsjónarkostn. 4% af 1.942.421	kr.	77.696
Loft í kjallara (pússað) umfram veggi í bílskúr 300 ein á 60/-	kr.	18.000
	kr.	2.268.862
Áður greitt 1989	kr.	1.524.510
Greitt 30. jan. 1990	kr.	30.000
Greitt mars 1990	kr.	23.064
	kr.	873.654
Samkvæmt reikningi nr. 14:		
Flugfar Rek.Hfn.Rek.		
10 ferðir vegna 3ja manna	kr.	113.240
4 ferðir m.bíl. v. sömu	kr.	90.428
	kr.	203.668
Laun á ferðum 60 st. á 900-	kr.	54.000
Virðisaukask. af 54.000,00	kr.	13.230
	kr.	270.898

Aðalstefnandi heldur því fram, að svo hafi samist um milli aðila að múr-
un utan húss skyldi greidd eftir tilboði og að ekki hafi verið um annað sam-
ið í upphafi en múrun utan húss. Aðalstefnandi heldur því fram, að ekki
hafi verið samið um múrun innan húss fyrr en í september 1989 og að þá
hafi verið hafist handa um múrun hússins að innan. Aðalstefnandi heldur
því fram, að um tvo aðskilda samninga hafi verið að ræða, þ.e. um múrun
utan húss, sem unnin hafi verið eftir tilboði, og um múrun innan húss, sem
unnin hafi verið eftir uppmælingu. Aðalstefndi heldur því hins vegar fram,
að svo hafi samist milli aðila strax í upphafi, þ.e. í júlí 1989, að aðalstefndi
tæki að sér múrun utan og innan húss og að greiða skyldi fyrir allt verkið
eftir uppmælingu, sem aðalstefnandi sjálfur skyldi framkvæma eða einhver
annar.

Aðalstefnandi heldur því fram að honum beri greiðsla fyrir aukaverk
eins og fram komi á reikningi nr. 19, dskj. nr. 3. Aðalstefndi heldur því hins
vegar fram, að samið hafi verið um að aðalstefnandi fengi greitt fyrir auka-
verk eftir tímavinnu. Þá gerir aðalstefnandi kröfu um að honum verði
dæmd þóknun fyrir umsjónarkostnað, þ.s. hann hafi verið byggingarstjóri á
verkstað. Aðalstefndi mótmælir því, að aðalstefnandi hafi verið ráðinn
byggingarstjóri á verkstað.

Aðalstefnandi heldur því fram, að hann eigi rétt á að fá greiddan ferðakostnað og laun á ferðum, og vísar til kjarasamnings Múrarasambands Íslands vegna þessa. Aðalstefndi heldur því fram að svo hafi samist um á milli þeirra, að ekki skyldu greiddar ferðir aðalstefnanda og manna hans.

Niðurstaða í aðalsök.

Af gögnum málsins og framburði aðila og vitna fyrir dóminum verður að telja víst, að málavextir hafi verið þeir, að aðalstefnandi hafi boðið fram krafta sína til að múra húsið nr. 4 við Hraunhól í Nesjahreppi fyrir aðalstefnanda og fyrir verkið skyldi greitt skv. uppmælingu, sem aðalstefnandi framkvæmdi eða aðrir. Á það verður ekki fallist með aðalstefnanda, að mismunandi skilningur sé lagður í hugtökin mæling og uppmæling. Eins og sést á uppgjörstreikningi aðalstefnanda, segir þar múrverk skv. mælingu, og er þá átt við þá uppmælingu, sem framkvæmd var af Múrarafélagi Austur-Skaftafellssýslu. Það verður einnig talið sannað, að svo hafi samist um í upphafi, að aðalstefnandi tæki að sér úti- og innihúðun, sbr. dómskjal nr. 15, en þar sést að þegar í júlí 1989 var hafist handa við undirbúning að múr- un innan húss. Það verður talið sannað, að svo hafi samist um milli aðila, að sérstök mæling skyldi gerð um útihúðunina og sérstök um innihúðunina.

Aðalstefnandi gerir kröfu um að honum verði dæmt að aðalstefndi greiði honum álag vegna múrunar innan húss, eins og fram komi í uppmælingu, gerðri af Múrarafélagi Austur-Skaftafellssýslu. Á þá kröfu aðalstefnanda, að hann skuli fá greitt álag á verkið innan húss, verður ekki fallist. Það verður að teljast sannað, að um álag á verkið hafi ekki verið samið í upphafi verks. Ekki verður heldur séð að aðalstefndi hafi mátt gera sér það ljóst að aðalstefnandi færi fram á álag vegna múrunar innan húss, þ.s. fyrri samskipti aðila báru það ekki með sér. Í uppgjöri aðila vegna múrunar utan húss var ekki gerð krafa um greiðslu álags. Upplýst er í málinu að uppmæling vegna múrunar innan húss hafi legið frammi í nóvember 1989 og að þá hafi verkið verið um hálfnað. Það er einnig upplýst, að aðalstefndi hafi fengið uppmælinguna í hendur á þeim tíma. Ágreiningur er hins vegar um það milli aðila, hvort mótmæli hafi komið fram strax við uppmælinguna. Svo virðist sem aðalstefndi hafi ekki gert formlegar athugasemdir við uppmælinguna til aðalstefnanda strax, heldur hafi hann fyrst farið með uppmælinguna til Sturlaugs Þorsteinssonar verkfræðings og borið uppmælinguna undir hann. Upplýst er að aðalstefndi fór þess á leit við aðalstefnanda að hann hefði samband við Sturlaug verkfræðing um mánaðamótin nóvember/desember til þess að yfirfara uppmælinguna. Aðalstefnandi virðist hins vegar ekki hafa orðið við þessari beiðni og fór ekki á fund Sturlaugs fyrr en

19. febrúar 1990. Það verður að teljast meginregla, að semja verði um yfirvinnuálag fyrir fram, ef það skuli koma til greiðslu. Fyrri samskipti aðila báru það ekki með sér að krafa um yfirvinnuálag væri höfð í frammi. Af þessum ástæðum er ekki unnt að fallast á kröfu aðalstefnanda hvað álag á uppmælingu varðar. Verður því fallist á, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 1.581.004,- vegna múrunar innan húss.

Aðalstefnandi gerir þá kröfu að aðalstefndi skuli greiða kr. 166.545 vegna aukaverka og er fjárhæðin 6% af kr. 1.942.421,- sem aðalstefnandi taldi að sér bæri vegna múrunar innan húss. Það er upplýst í málinu, að ekki var samið um slíka þóknun fyrir aukaverk milli aðila, heldur skyldi greiða eftir tímavinnu fyrir aukaverk. Af þessum ástæðum verður ekki unnt að fallast á þessa kröfu aðalstefnanda.

Aðalstefnandi gerir kröfu um að fá greitt fyrir leigu á hrærivél. Krafa þessi er óumdeild og samþykkt af aðalstefnda.

Aðalstefnandi gerir þá kröfu að fá greidda þóknun vegna umsjónar á verkstað. Það er óumdeilt milli aðila, að ekki hafi verið um það samið að aðalstefnandi yrði byggingarstjóri á staðnum og að hann ætti rétt á þóknun vegna þessa. Á það er réttilega bent af aðalstefnanda, að skv. 4.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 292/1979 með síðari breytingum er boðið að hafa skuli byggingarstjóra á verkstað. Í tilvitnaðri grein er sagt, að byggingarfulltrúi skuli viðurkenna byggingarstjóra, einnig segir að ef ekki sé byggingarstjóri á staðnum, þá skuli byggingarfulltrúi viðurkenna þann meistara, sem sjá skuli um að samræma framkvæmdir við bygginguna. Ekki verður séð af gögnum málsins, að byggingarfulltrúi hafi viðurkennt aðalstefnanda til þessa starfa. Ekki verður séð, að aðalstefnandi geti ráðið sig byggingarstjóra hjá öðrum og kafið um þóknun, þó svo að byggingarreglugerð boði að byggingarstjóri sé á verkstað. Verður að vera um gagnkvæmt samkomulag milli aðila að ræða. Af þessum ástæðum verður krafa aðalstefnanda, hvað þetta varðar, ekki tekin til greina.

Krafa aðalstefnanda um, að aðalstefndi skuli greiða kr. 18.000,00 vegna múrunar á lofti umfram vegg, hefur ekki verið mótmælt af hálfu aðalstefnda með haldbærum rökum. Verður því fallist á þessa kröfu aðalstefnanda.

Aðalstefnandi gerir þá kröfu að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum kostnað vegna ferða á verktímanum, meðan á innihúðun stóð. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að svo hafi um samist milli aðila, að aðalstefnandi skyldi bera allan kostnað af ferðum hans og manna hans. Sturlaugur Þorsteinsson verkfræðingur hefur borið vitni fyrir dóminum og sagt að aðalstefnandi hafi sagt að ef eitthvert „strögl“ yrði um reikning

hans, sem er dómskjal nr. 10, þá kæmi hann með reikning vegna ferða. Í framburði Bjarna Ásbjörnssonar, fyrrverandi skrifstofustjóra Nesjahrepps, fyrir dóminum kemur fram, að þá fyrst hafi hann séð kröfu frá aðalstefnanda um greiðslu á ferðakostnaði, þegar reikningur vegna hans barst í pósti. Líta verður til þess, að aðalstefnandi var við störf á staðnum, þegar hann bauð aðalstefnda, að hann tæki að sér verkið, og gerði í framhaldi af því samning við aðalstefnda. Einnig verður að líta til þess, að undir rekstri málsins kom fram, að kona aðalstefnanda hafði hér einnig viðveru er samið var um verkið. Aðalstefnandi hefur vísað til kjarasamnings Múrarasambands Íslands vegna kröfu um ferðakostnað. Telja verður að verktakar geti samið sig frá ákvæðum sem þessum í kjarasamningi. Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðalstefnandi hafi reynt að ráða til sín aðstoðarmenn við verkið af svæðinu né að hann hafi í samráði við aðalstefnda ráðið menn utan svæðis. Verður því ekki annað séð en aðalstefnandi skuli bera kostnað af ferðum starfsmanna sinna. Það verður einnig að teljast óeðlilegt, ef samið hefði verið um greiðslu á ferðakostnaði verktaka og starfsmanna hans, að ferðakostnaðurinn skuli þá ekki koma fram í uppgjörreikningi, heldur í reikningi sem berst aðalstefnda mánuði seinna. Af þessum ástæðum er ekki unnt að fallast á þessa kröfu aðalstefnanda.

Samkvæmt þessu verður að dæma aðalstefnda, Nesjahrepp, til að greiða aðalstefnanda, Baldri Jónssyni, kr. 85.630,00 að frá dregnum kr. 48.208,00 sem aðalstefnandi hefur lækkað dómkröfur sínar um, eða samtals kr. 37.422,00 með dráttarvöxtum eins og krafist er í stefnu.

Um gagnsök.

Gagnstefnandi segir að hann og gagnstefndi hafi gert um það samkomulag við upphaf verks að gagnstefndi skyldi greiða 1/2 af dvalarkostnaði fram til 1. september 1989, þ.e. meðan hann byggi á hóteli Eddu, og 1/2 af fæðiskostnaði allan tímann. Gagnstefnandi hefur mótmælt þessu og hefur vísað til kjarasamnings Múrarasambands Íslands, þ.s. segir að ef meðlimir Múrarasambands Íslands vinni utan félagssvæðisins skuli þeim séð fyrir ókeypis fæði og húsnæði. Af framburði vitna og aðila fyrir dóminum verður að telja sannað, að framangreint samkomulag hafi verið gert milli aðila. Líta verður til þess, að gagnstefndi var á staðnum þegar hann bauð fram krafta sína til að múra húseign gagnstefnanda. Einnig verður að telja, að verktakar geti samið sig frá ákvæðum sem þessum í kjarasamningi félagsmanna. Fallist verður því á þá kröfu gagnstefnanda, að gagnstefndi greiði honum kr. 68.203 vegna uppihaldskostnaðar.

Í öðru lagi gerir gagnstefnandi kröfu um, að gagnstefndi verði dæmdur til

að greiða honum kr. 35.778 vegna umframskrefa á síma, en að síma hafi verið komið upp á verkstað að beiðni gagnstefnda. Gagnstefnandi segir að samkomulag hafi verið með aðilum, að gagnstefnandi skyldi greiða stofngjald og fastagjald af símanum, en gagnstefndi umframskref. Af gögnum málsins og framburði aðila og vitna fyrir dóminum er sannað, að síma hafi verið komið upp á verkstað að kröfu gagnstefnda. Einnig verður að telja sannað, að gagnstefnda bar að greiða þann kostnað sem hlaust af umframskrefum símans. Af gögnum málsins og vitnaleiðslum verður ekki annað séð en að síminn hafi verið ólæstur og menn getað notað hann. Gagnstefndi, sem bar ábyrgð á símanum, hefði getað stjórnað því, hverjir notuðu símann og hve mikið. Verður því fallist á þessa kröfu gagnstefnanda.

Í þriðja lagi gerir gagnstefnandi kröfu um að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 103.135 vegna ílagar í svalir og tröppur og frágang innan húss, vegna þess að gagnstefndi hafi ekki lokið verki sínu. Óumdeilt er milli aðila, að ólokið var ílögn í svalir og tröppur og gagnstefndi hefur vegna þessa lækkað reikning sinn um kr. 48.208. Ekki hefur komið fram fyrir dóminum, hvaða verk það voru innan húss, sem Kolbeinn múrari varð að lagfæra. Á þessum forsendum er ekki unnt að fallast á það með gagnstefnanda að hann geti gert kröfu á hendur gagnstefnda um kr. 103.135. Skv. þeirri mælingu, sem greitt var eftir vegna múrunar utan húss, bar gagnstefnda kr. 48.208 vegna þessa verks. Verður því á það fallist með gagnstefnda að kröfur hans á hendur gagnstefnanda verði lækkaðar um kr. 48.208.

Í fjórða lagi gerir gagnstefnandi kröfu um að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 23.873 vegna ágalla á sandspörtlun. Það er viðurkennt fyrir dóminum, að sandspörtlun innan húss var áfátt. Einnig er viðurkennt fyrir dóminum, að athugasemdir vegna sandspörtlunar voru hafðar uppi við gagnstefnda. Ekki verður séð að gagnstefndi hafi hlutast til um viðgerðarvinnu á sandspörtlun. Verður því að fallast á þessa dómkröfu gagnstefnanda.

Samkvæmt þessu verður dæmt, að gagnstefndi, Baldur Jónsson, skuli greiða gagnstefnanda, Nesjahreppi, kr. 127.854,- ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í stefnu, frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður að dæma aðalstefnda, Baldur Jónsson, til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 130.000,-, þar með talinn virðisaukaskattur, og er þá tekið tillit til málskostnaðar í aðalsök og gagnsök.

Fallist er á þá kröfu gagnstefnanda að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnanda í aðalsök, kr. 37.422,00, auk

dráttarvaxta frá 1.4.1990 til 23.5.1991, kr. 9.846,00, eða samtals kr. 47.268,00, þar sem skilyrði til skuldajafnaðar eru fyrir.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Kristinsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu.

D ó m s o r ð:

Aðalstefnandi, Baldur Jónsson, kt. 040539-3609, greiði aðalstefnda, Nesjahreppi, kt. 480269-4389, kr. 80.586,- með dráttarvöxtum, eins og greinir í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags, áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 6. febrúar 1992. Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 130.000,- í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt, af málflutningsþóknun og skal málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags og er heimilt að höfuðstólsfæra þá dráttarvexti að liðnum hverjum 12 mánuðum frá upphafsdegi vaxtatökunnar.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
